

FUNDARGERÐ

256. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 26. apríl 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Þráinn Óskarsson, Margrét Tryggvadóttir, Rósa Kristinsdóttir. Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Mördur Áslaugarson og Sigurður Helgi Birgisson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Aron Ólafsson var forfallaður. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 254 og 255 voru bornar upp og samþykktar.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í mars. Hagnaður var af rekstri, 1,1 m.kr. sem var 6,5 m.kr. undir áætlun. Tekjur voru 20,6 m.kr. umfram áætlun, gjöld 15,1 m.kr. umfram áætlun og fjármagnsliðir 12,1 m.kr. yfir áætlun. Afkoma fyrsta ársfjórðungs var neikvæð um 18,1 m.kr. í stað 54,1 m.kr. neikvæðrar afkomu sem áætlað hafði verið. Tekjur 87 m.kr. umfram áætlun, kostnaður 20,2 m.kr. yfir og fjármagnsliðir 31,7 m.kr. yfir áætlun. Almennt séu horfur í rekstri jákvæðar en töluverð áskorun sé þó að halda kostnaði innan áætlana í vaxandi verðbólgu og vaxtaumhverfi.

3. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri fór stuttlega yfir efni norræns útvarpsstjórafundar sem haldinn var í lok mars. Samstarf norrænu útvarpsstöðvanna er á fjölmörgum sviðum, þar á meðal um framleiðslu á efni fyrir bæði útvarp og sjónvarp. Jafnframt er samstarf á öðrum sviðum eins og sviði mannauðsmála. Ákveðið var á fundinum að efla samstarf stöðvanna á sviði öryggismála og þá einkum netöryggismála.

Á vettvangi Nordvision hefur verið settur á laggirnar samráðsvettvangur á sviði fjölbreytileika, jafnræðis og inngildingar. Fulltrúar RÚV áttu fund með starfshópi stjórnvalda um málefni innflytjenda og flóttafólks, en nú er unnið að heildarstefnumótun stjórnvalda á því sviði. Vakin var athygli á nýrri ársskýrslu sem eingöngu er birt á vefnum líkt og undanfarin ár.

Gerð var grein fyrir heimsókn útvarpsstjóra frá nokkrum löndum innan EBU, sem eru að kynna sér ýmis atriði í stjórnun og rekstri RÚV. Kynnt var skipun starfshóps um mótun stefnu um stafræna þróun, tæknistefnu og nýtingu upplýsingatækni í starfsemi RÚV, sem skipaður er lykilmálki frá öllum sviðum RÚV. Þá er hafin vinna við endurskoðun málstefnu RÚV.

Útvarpsstjóri gerði loks grein fyrir alvarlegu atviki sem varð aðfaranótt sl. þriðjudags, þegar rafmagn fór af Efstaleiti 1. Verið var að skipta út varaafgjafa og leiddu nokkrir samverkandi þættir til þess að rafmagn fór af byggingu í nokkurn tíma. Um klukkustund tók að koma útsendingu í útvarpi í gang á ný. Verið er að rýna hvað fór úrskeiðis og verður skýrsla um atvikið kynnt stjórn þegar hún er fyrirbyggjandi.

4. Starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar voru lagðar fram til samþykktar. Engar athugasemdir voru gerðar við áðurgildandi reglur og voru þær samþykktar.

5. Starfsáætlun stjórnar

Starfsáætlun stjórnar var samþykkt og verður birt á rúv.is.

mt
SHB
SOS AO
gö. DR Klu

6. Önnur mál

Stjórnarmeðlimur spurði um feril þegar ráðið er lausar stöður á fréttastofunni. Útvarpsstjóri upplýsti að þegar stöður væru lausar væru þær auglýstar í samræmi við reglur. Það ætti einnig við um sumarafleysingar, þrátt fyrir að reglur gerði ekki kröfur um slíkt. Í öllum tilvikum þarf nýtt starfsfólk að gangast undir fréttamannapróf, þar sem almenn þekking og íslenskukunnátta er metin, sem og geta fólks til að skrifa og flytja fréttir. Það ætti líka við þegar fólk í öðrum störfum innan RÚV væri flutt í störf fréttamanna á fréttastofunni. Fundi slitið.

Sigurður H. Björgvinsson
Séð Afan Stefsson
Diljá Amundsdóttir. Læra
Rósa Kristinsdóttir
forseti Óskunn.
Hafur Hilmarsson.
Hafur Hilmarsson
Margrét Tuggvadóttir